

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 15/96
frá 4. mars 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
46/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun
ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/36/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun
ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- 395 L 0035: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB frá 14. júlí 1995 (Stjtið.
EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6).

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 8.

- 395 L 0036: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/36/EB frá 14. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 8).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB og 95/36/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker